

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 189/2018

2021/EES/15/17

frá 21. september 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/779 frá 19. febrúar 2018 um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis málmklæddra samlokueininga til notkunar í burðarvirki samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1zzl (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1475) í XXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„1zzm. **32018 D 0779**: Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/779 frá 19. febrúar 2018 um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis málmklæddra samlokueininga til notkunar í burðarvirki samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (Stjtið. ESB L 131, 29.5.2018, bls. 23).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar ákvörðunar (ESB) 2018/779, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 131, 29.5.2018, bls. 23.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.